

Stjórnarfundur foreldrafélagsins 11/8/18

Fundarstaður : Borg

Fundur hófst kl 20:00

Mættir voru Elín Halldórsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Ingibjörg Ósk Pétursdóttir og Sigurjón Þór Vignisson, Valur Ásmundsson var hluta af fundi í gegnum síma.

1. Stjórn skiptir með sér verkum og formaður er Elín Halldórsdóttir, ritari Hermann Ingi Gunnarsson, gjaldkeri er Valur Ásmundsson, áheyrnarfulltrúi skólanefndar er Ingibjörg Ósk Pétursdóttir, Sigurjón Þór Vignisson er fulltrúi foreldrarfélagsins í skólaráði.
2. Rædd voru starfsemi frístundarheimilis Hrafnagilsskóla og verður skólastjóra og skólanefnd sent bréf þess efnis og jafnframt óskar stjórn forledrafélagsins eftir fundi með skólastjórum.
3. Stjórn foreldrarfélagsins kallar eftir því hvaða reglur skólinn hefur er varðar símanotkun barna og starfsfólks á skólatíma. Stjórnin kallar eftir samtali um þessi mál.
4. Stjórn barst fyrirspurn frá skólastjóra um fyrirkomulag varðarndi fjáröflun 7. bekkjar fyrir árlegrar Reykjarferðar. Stjórnin telur að ef ekki næst að fjármagna ferð 7. bekkjar að fullu þá ættu foreldrar hvers nemenda að standa straum að þeim kostnaði sem ekki næst að safna fyrir. Einnig óskar stjórnin eftir nákvæmri sundurliðun kostnaðar og hvernig tekjunum eftir hverja fjáröflun er skipt.
5. Stjórn ræðir um mögulegan fundartíma með öllum bekkjarfulltrúum fyrir jólaföndrið og er hann áætlaður miðvikudaginn 14 nóv kl 20:00 á kaffistofu kennara í Hrafnagilsskóla.

Fundi slitið 22:00.